

**REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 2087/97****frá 20. október 1997****um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 822/87  
um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins(\*)**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 43. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar (1),

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins (2),

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar (3),

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Í 6. mgr. 15. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 822/87 frá 16. mars 1987 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins (4) er kveðið á um samþykkt skilyrða fyrir því, að aðildarríkjum sé heimilt að leyfa notkun eplasýru. Sú sýra hefur aldrei verið notuð frá því að umrædd reglugerð öðlaðist gildi og rétt er að nema úr gildi ákvæði um notkun hennar. Því er rétt að hún falli niður úr VI. viðauka við reglugerðina.

Í 3. mgr. 17. gr. reglugerðar (EBE) nr. 822/87 er kveðið á um að tiltekin afsýrunaraðferð sé leyfileg til bráðabirgða. Tilraunir í aðildarríkinu, þar sem henni er beitt, hafa leitt kosti hennar í ljós. Því er rétt að leyfa hana til frambúðar.

Með 45. gr. reglugerðar (EBE) nr. 822/87 er komið á áætlun um aðstoð við nýtingu þrúgulagarþykknis og hreinsaðs þrúgulagarþykknis til þess að auka alkóhólstyrkleika. Kveðið er á um sérstaka aðstoð vegna þrúgulagarþykknis frá vínræktarsvæði C III. Samkvæmt annarri undirgrein 2. mgr. þeirrar greinar á sama meðferð einnig við um hreinsað þrúgulagarþykknis sem er framleitt utan vínræktarsvæðis C III í fyrirtækjum sem höfðu hafið framleiðslu á því fyrir 30. júní 1982. Þessi rýmkun var leyfð vegna þess að utan vínræktarsvæðis C III voru til stöðvar sem framleiddu lög til víngerðar og nýja áætlunin hefði skaðað þær.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 292, 25.10.1997, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 99/98 frá 25. september 1998 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginum afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB C 214, 16. 7. 1997, bls. 11.

(2) Stjtið. EB C 304, 6. 10. 1997.

(3) Álitum var skilað 2. október 1997 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

(4) Stjtið. EB L 84, 27. 3. 1987, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1417/97 (OJ L 196, 24. 7. 1997, bls. 10).

Rýmkunin telst réttmæt svo lengi sem endurbætur á sameiginlegri skipulagningu vínmarkaðarins hafa ekki náð fram að ganga.

Í 53. gr. reglugerðar (EBE) nr. 822/87 er kveðið á um fyrirkomulag eftirlits með innflutningsverði þrúgusafa og -lagar til víngerðar sem fellur undir SAT-númer 2009 60 og 2204 30. Þar sem dæmigerðir innflutningsmarkaðir eru ekki fyrir hendi í aðildarríkjum er slíkt fyrirkomulag ekki sniðið að raunverulegum markaði fyrir þessar afurðir. Rétt er að endurskoða fyrirkomulagið til þess að heimila annað hvort sannpröfun með öðrum hætti en föstu innflutningsverðmæti eða útreikning á því verðmæti á grundvelli afurðaverðs á útflutningsmörkuðum þriðju upprunalandi.

Í VI. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 822/87 er kveðið á um notkun albúmíns úr dýrum við botnfellingu þrúgulagar til víngerðar og véns. Æskilegt er að skilgreina eðli þess albúmíns, sem heimilt er að nota við botnfellingu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*I. gr.*

Reglugerð (EBE) nr. 822/87 er breytt sem hér segir:

- 1) Í 6. mgr. 15. gr. falli önnur undirgrein niður;
- 2) Í 3. mgr. 17. gr. falli niður orðin „til 31. ágúst 1997“;
- 3) Í stað annarrar undirgreinar 2. mgr. 45. gr. komi eftirfarandi:
 

„Þar sem ákveðið hefur verið að veita þann takmarkaða styrk, sem um getur í fyrstu undirgrein, skal hann einnig eiga við hreinsað þrúgulagarþykknis sem framleitt hefur verið, til loka vénsins 1999/2000, utan vínræktarsvæðanna sem um getur í fyrirnefndri undirgrein, í fyrirtækjum sem höfðu hafið framleiðslu á því fyrir 30. júní 1982.“
- 4) Í stað 2. og 3. mgr. 53. gr. komi eftirfarandi:

„2. Að því er varðar sáfa og lög til víngerðar sem fellur undir SAT-númer 2009 60 og 2204 30, en vegna slíkrar vöru veltur álagning gjalda samkvæmt Sameiginlegri tollskrá á innflutningsverði hennar, skal sannprófa réttmæti þess

verðs annað hvort með athugun á sérhverri sendingu eða með hliðsjón af föstu innflutningsverðmæti á grundvelli uppgefins verðs á sömu vöru í upprunalöndunum.

Sé uppgæfið innflutningsverð sendingar hærra en fast innflutningsverðmæti, þar sem það á við, að viðbættu álagi sem er ákvarðað í samræmi við 3. mgr. og skal ekki vera meira en 10% yfir föstu innflutningsverðmæti, skal leggja fram tryggingu jafnháa innflutningsgjöldunum á grundvelli fasta innflutningsverðmætisins.

Sé innflutningsverð ekki tilgreint í tilvikinu, sem um getur í málsgreininni hér á undan, miðast beiting Sameiginlegrar tollskrár við fast innflutningsverðmæti eða við beitingu hlutaðeigandi tollalaga, með skilyrðum sem ákvarðast í samræmi við 3. mgr.

3. Ítarlegar reglur um beitingu þessarar greinar skal samþykkja í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 83. gr. Reglurnar skulu einkum fjalla um setningar viðmiðana til að ákvarða hvorri eftirlitsaðferðinni skuli beitt og hvaða þættir skuli teknir til greina við útreikning á föstu innflutningsverðmæti.“

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Lúxemborg 20. október 1997.

- 5) Í stað k-liðar í 3. lið VI. viðauka komi eftirfarandi:

„k) notkun vínsýru til sýrunnar í samræmi við ákvæði 21. og 23. gr.“

- 6) Í stað orðanna „albúmin úr dýrum“ í fjórðu undirgrein j-liðar í 1. lið VI. viðauka og í fjórðu undirgrein m-liðar í 3. lið VI. viðauka komi „eggjahvíta og/eða mjólkurhvíta“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

3. töluliður 1. gr. gildir frá 1. september 1997.
4. töluliður 1. gr. gildir frá 1. júlí 1997.

*Fyrir hönd ráðsins,*

F. BODEN

*forseti.*